# Öryggisblað (MSDS)

Reglug. 866/2012 og 1272/2008/EB (CLP), rg. 750/2008 (REACH).

Ásbjörn Ólafsson ehf.

## 1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

### *1.1. Auðkenni vöru*

| | |
|---|---|
| *Söluheiti vöru:* | **SONAX Rubber Protectant** |
| *Tilvísunarnúmer:* | 340200, 340400 |
| *Gerð vöru:* | Blanda, vökvi í þrýstihylki. |

### *1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá*

| | |
|---|---|
| *Notkun vöru:* | Fyrir umhirðu bíla. |
| *Fráráðin notkun:* | - |

### *1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið*

*Fyrirtæki:* Ásbjörn Ólafsson ehf. • Köllunarklettsvegi 6 • 104 Reykjavík
sími 414 1100
www.asbjorn.is

*Tengiliður fyrirtækis:* tinna@asbjorn.is

| | |
|---|---|
| *Útgáfudagsetning:* | 11.03.2014 |
| *Útgáfa:* | 1,0 |
| *Gerð öryggisblaðs:* | EFNAVERND ehf., Reykjavík, http://efnavernd.is |

### *1.4. Neyðarsímanúmer:*

*Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla:* sími 112
*Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík:* sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

### *2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar*

***Flokkun skv. reglug. 236/1990 og 750/2008 með síðari breytingum (REACH)***

| | | |
|---|---|---|
| Fx | Afar eldfimt | H12 |
| - | | H52/53 |
| - | | H66-67 |

***Flokkun skv. reglug. (EB) 1272/2008 með síðari breytingum (CLP)***

| | | |
|---|---|---|
| GHS02 | Eldf. úðaefni 1; | H222, H280 |
| GHS07 | SEM-VES 3; | H336 |
| - | Langv. eit. á vatn 3; | H412 |

***Helstu hættur***

| | |
|---|---|
| *Eðlisræn hætta:* | Afar eldfimt úðaefni. Þrýstihylki, getur sprungið ef hitað yfir 50°C. |
| *Heilsufarshætta:* | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |
| *Umhverfishætta:* | Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |

### *2.2. Umbúðamerkingar*

***Umbúðamerkingar skv. reglug. 236/1990 og 750/2008 með síðari breytingum (REACH)***

*Hættumerki:* -

*Innihaldsefni:* -

*Hættusetningar:* -

*Varnaðarsetningar:* -

*Viðbótarmerkingar:* -

***Umbúðamerkingar skv. reglug. (EB) 1272/2008 með síðari breytingum (CLP)***



*Hættumerki:* GHS02, GHS07

*Viðvörunarorð:* Hættta

*Innihaldsefni:* Kolvetni

*Hættusetningar (H):*
H222 Afar eldfimt úðaefni.
H280 Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, gæti sprungið við upphitun.
H336 Getur valdið sljóleika eða svima.
H412 Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum.

*Varnaðarsetningar (P)*

*Almennar:*
P101 Ef leita þarf læknis skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.
P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.

*Forvarnir:*
P210 Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum - Reykingar bannaðar.
P211 Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251 Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P260 Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P271 Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.

*Viðbrögð:* -

*Geymsla:* P410 + P412 Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

*Förgun:* P501 Fargið innihaldi/íláti í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.

*Viðbótarupplýsingar:* *Innihaldsmerking skv. reglugerð 708/2008 um þvotta- og hreinsiefni (má vera á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku):*
Inniheldur ≥ 30% alifatísk kolvetni.

*Takmarkanir á notkun:* -

### *2.3. Aðrar hættur*

*Aðrar hættur:* -

***Texti allra hættusetninga og H-setninga, sjá kafla 16.***

***Ath.:*** *Umbúðamerkingar skulu vera skv. rg. (EB) 1272/2008 (CLP)* ***eða*** *rg. 236/1990 & 750/2008 (REACH).*

## 3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

| *CAS-nr.* | *EB-nr.* | **Efnaheiti** | *Magn, %* | *Flokkun* |
|---|---|---|---|---|
| 64742-48-9 | 927-241-2 | Kolvetni, C9-C10, n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, < 2% arómatar | 75 - 100 | Xn H10-52/53-65-66-67<br>Eldf. vökvi 3 H226 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | Eit. v. ásvelg. 1 H304<br>SEM-VES 3 H336<br>Langv.eit.á vatn3 H412 |
| 124-38-9 | 204-696-9 | Koldíoxíð | < 5 | -<br><br>Loftt. u. þrýst. H281 |
| 123-86-4 | 204-658-1 | n-Bútýlasetat | < 5 | - H10-66-67<br><br>Eldf. vökvi 3 H226<br>SEM-VES 3 H336 |

Lýsing: Gas undir þrýstingi og blanda leysiefna og silíkona.

***Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.*** ***Texti allra hættusetninga og H-setninga, sjá kafla 16.***

## 4. Skyndihjálp.

### *4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum*

*Almennt:* Flytjið slasaða af hættusvæðinu og látið hann hvílast. Fjarlægið föt sem mengast hafa af efninu.

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft. Leitið strax læknis ef fram kemur erting í öndunarfærum, svimi eða ógleði og ef slasaði missir meðvitund.

*Snerting við húð:* Þvoið vel með vatni og mildri sápu.

*Snerting við augu:* Skolið vel með nægu vatni í nokkrar mínútur með augað vel opið. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi.

*Inntaka:* Framkallið EKKI uppköst. Leitið umsvifalaust læknis.

### *4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin*

*Áhrif, einkenni:* Höfuðverkur, svimi, ógleði, slen og húðþurrkur. Sjá kafla 11.

### *4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á*

*Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:*

Meðhöndlun skv. einkennum og mati læknis.

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

### *5.1. Slökkviefni/búnaður*

*Heppileg slökkviefni:* Froða, kolsýra, duft, vatnsúði.

*Óhentugur búnaður:* Notið ekki háþrýsta vatnssprautu.

### *5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar*

*Sérstakar hættur:* Efnið getur myndað eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Við bruna geta myndast kolmónoxíð og brennisteinsoxíð.

### *5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn*

*Hlífðarbúnaður:* Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Forðist innöndun efna frá bruna.

*Sérstakar aðferðir:* Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða. Menguðu vatni, sem notað er við slökkvistörf, þarf að safna og farga sem spilliefni. Það má ekki fara í niðurföll.

## 6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

### *6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir*

*Öryggisráðstafanir:* Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu.
*Hlífðarbúnaður:* Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf.

### *6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins*

*Varúðarráðstafanir:* Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðveg. Ef efnið berst í niðurföll eða vatn í umhverfinu þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

### *6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar*

*Efnaleki:* Notið sand, jarðveg, sag eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Fargið efninu í samræmi við reglur um förgun; sjá kafla 13.

### *6.4. Tilvísanir í aðra kafla*

*Tilvísanir:* Sjá kafla 7 fyrir upplýsingar um meðhöndlun.
Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla.

### *7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun*

*Meðhöndlun:* Tryggið fullnægjandi loftræstingu/frásog á vinnusvæði. Forðist innöndun gufu/úða og snertingu við húð.
Fjarlægið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50˚C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Mjög rokgjörn og eldfim efni losna við notkun.

### *7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika*

*Geymsla:* Fylgið reglum um geymslu þrýstihylkja. Gólf þurfa að vera þétt og þola leysiefni. Geymist á köldum og vel loftræstum stað. Verjið gegn hita og beinu sólarljósi. Æskilegt geymsluhitastig er 20°C. Umbúðir geta sprungið ef þær hitna yfir 50°C.
*Ósamrýmanleiki:* Sterkir oxunarmiðlar.

### *7.3. Sértæk endanleg notkun*

*Sértæk notkun:* -

## 8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.

### *8.1. Mengunarmörk*

*Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (ÞG) = þakgildi):*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Olíuþoka, (olíuúði): | (MG) | | 1 mg/m$^3$ |
| Bútýlasetat, allir ísómerar: | (MG) | 150 ppm | 700 mg/m$^3$ |

### *8.2. Váhrifavarnir*

*Tæknilegar aðgerðir:* Notið góða almenna loftræstingu og/eða frásog til að halda loftmengun á vinnusvæði undir mengunarmörkum.

*Persónuhlífar;*

| | |
|---|---|
| *Öndunartæki:* | Notið öndunargrímu með síu fyrir lífrænt gas og gufur af gerð A, litur brúnn (DIN EN 14387), ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hætta er á að mengun fari yfir mengunarmörk. |
| *Fyrir augu:* | Hlífðargleraugu skv. staðli EN 166. |
| *Fyrir hendur:* | Hlífðarhanskar úr nítrílgúmmíi. Hlífðarhanskar þurfa að vera ógegndræpir og þolnir gagnvart efninu. Ráðlögð þykkt ≥ 0,4 mm (EN374). Gegndræpi í flokki 5, gegndræpitími ≥ 480 mínútur. |
| *Fyrir húð:* | Viðeigandi hlífðarfatnaður. |
| *Hreinlæti við vinnu:* | Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Haldið efninu frá matvælum og öðrum neysluvörum, fóðri og lyfjum. Þvoið hendur fyrir hlé og eftir vinnu. |
| *Umhverfið:* | Hindrið að efnið berist í niðurföll, yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðveg. |

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

### *9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika*

| | |
|---|---|
| *Ástand:* | Vökvi í þrýstihylki |
| *Útlit:* | Gulleitur |
| *Lykt:* | Einkennandi |
| *Sýrustig (pH):* | - |
| *Suðumark:* | 120-165°C |
| *Bræðslumark:* | - |
| *Blossamark:* | 26°C (DIN 51755) |
| *Sprengimörk:* | 0,6-7,0% (kolvetnablanda) |
| *Íkveikimörk:* | - |
| *Gufuþrýstingur:* | - |
| *Gufuþéttni:* | - |
| *Uppgufunarhraði:* | - |
| *Rokgjörn lífræn efni:* | - |
| *Eðlisþyngd:* | 0,77 g/cm$^3$ við 20°C |
| *Seigja:* | Flæðitími við 20°C; 10-12 s (DIN EN ISO 2431/4 mm) |
| *Leysni:* | Leysist ekki í vatni eða erfitt að blanda |
| *Deilistuðull:* | - |

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

### *10.1. Hvarfgirni*

*Hvarfgirni:* Engin hættuleg hvörf þekkt.

### *10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki*

*Stöðugleiki:* Stöðugt við venjulegar aðstæður.

### *10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf*

*Hættuleg efnahvörf:* Engin hættuleg hvörf þekkt.

### *10.4. Skilyrði sem þarf að varast*

*Skilyrði:* Haldið frá hita, opnum eldi og öðru sem getur valdið íkveikju og reykið ekki. Við upphitun eða bruna myndast yfirþrýstingur í umbúðunum og þær geta sprungið. Þrýstihylki; hlífið við sólarljósi og hita yfir 50˚C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

### *10.5. Ósamrýmanleg efni*

*Efni sem skal varast:* Sterkir oxunarmiðlar.

***10.6. Hættuleg niðurbrotsefni***

*Hættuleg efni:* Engin þekkt.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

***11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif***

*Almennt:* Rannsóknarniðurstöður um vöruna liggja ekki fyrir.

*Helstu áhrifaleiðir:* -

*Áhrif við innöndun:* Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.
*Áhrif á augu:* Getur valdið minniháttar ertingu.
*Áhrif á húð:* Endurtekin eða viðvarandi snerting getur valdið minniháttar ertingu og þurri eða sprunginni húð.
*Áhrif við inntöku:* -

*Bráð eiturhrif:* Kolvetnablanda:

| | |
|---|---|
| LD50 (inntaka, rottur): | > 5000 mg/kg (OECD 401) |
| LD50 (húð, kanínur): | > 5000 mg/kg (OECD 402) |
| LC50 (innöndun, rottur): | > 4951 mg/l/4 klst. (OECD 403). |

Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um önnur innihaldsefni.

*Langvinn áhrif:* Inniheldur engin efni sem talin eru valda krabbameini, vera stökkbreytivaldandi eða hafa skaðleg áhrif á frjósemi.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar.

***12.1. Eiturhrif***

*Eiturhrif:* Efnið er talið skaðlegt vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Kolvetnablanda, bráð eiturhrif:
EL50 (liðdýr, Daphnia magna): > 22 - < 46 mg/l/48 klst.
EL50 (þörungar, Pseudokirchneriella subcapitata): > 1000 mg/l/72 klst.
LL50 (fiskur, Oncorhynchus mykiss): > 10 - < 30 mg/l/96 klst.
NOELR (þörungar, Pseudokirchneriella subcapitata): < 1 mg/l/72 klst.

Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um önnur innihaldsefni.

***12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki***

*Þrávirkni/niðurbrot:* Lífniðurbrot kolvetnablöndu; > 70% (28 dagar).

***12.3. Uppsöfnun í lífverum***

*Uppsöfnun í lífverum:* -

***12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni***

*Hreifanleiki:* Kolvetnablanda gufar hratt upp og dreifist í lofti.

***12.5. Mat á PBT/vPvB*- eiginleikum***

*PBT/vPvB efni:* Á ekki við.

***12.6. Önnur skaðleg áhrif***

*Aðrar upplýsingar:* Hindrið að efnið berist óþynnt eða í miklu magni í niðurföll, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

** PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð*
*vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.*

## 13. Förgun.

### 13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

*Meðhöndlun úrgangs:* Endurvinnið ef hægt er. Skemmt efni, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.

*Úrgangsflokkun:* 15 01 10 umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.

*Förgun umbúða:* Fargið umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

*Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.*

## 14. Upplýsingar um flutninga.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Flutningur á landi:* | ADR-flokkur: | 2 | Flokkunarkóði: | 5F Gases |
| | SÞ-númer: | 1950 | Pökkunarflokkur: | - |
| | Hættunúmer: | - | Magntakmörkun: | 1L |
| | Varúðarmerki: | 2.1 | Gangakóði: | D |
| | Nafn efnis: | 1950 AEROSOLS | | |
| *Flutningur á sjó:* | IMDG flokkur: | 2.1 | Pökkunarflokkur: | - |
| | SÞ-númer: | 1950 | EmS: | - |
| | Varúðarmerki: | 2.1 | Sjávarmengandi: | Nei |
| | Nafn efnis: | AEROSOLS | | |
| *Flutningur í lofti:* | IATA flokkur: | 2.1 | Pökkunarflokkur: | - |
| | SÞ-númer: | 1950 | Magntakmörkun: | - |
| | Varúðarmerki: | 2.1 | | |
| | Nafn efnis: | AEROSOLS, flammable | | |

*Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og IBC-kóðanum:*

-

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk.

### *15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis*

*EB reglugerðir:* SEVESO category (96/82/EC): 8
*Aðrar reglugerðir:* -

*Takmarkanir á notkun:* Takmarkanir geta verið á notkun ungmenna á efninu, sem fara þarf eftir. Takmarkanir geta verið á notkun þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti á efninu, sem fara þarf eftir.

### *15.2. Efnaöryggismat*

*Efnaöryggisskýrsla:* Hefur ekki verið gerð.

## 16. Aðrar upplýsingar.

| | |
|---|---|
| *Dagsetning útgáfu:* | 11.03.2014 |
| *Útgáfa númer:* | 1,0 |
| *Breyttir liðir:* | - |
| *Öryggisblað gert fyrir:* | Ásbjörn Ólafsson ehf. • Köllunarklettsvegi 6 • 104 Reykjavík<br>sími 414 1100<br>www.asbjorn.is |
| *Gerð öryggisblaðs:* | EFNAVERND ehf., Reykjavík, http://efnavernd.is |

*Texti allra hættusetninga og H-setninga í kafla 3:*

| | |
|---|---|
| H10 | Eldfimt. |
| H52/53 | Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| H65 | Hættulegt; getur valdið lungnaskaða við inntöku. |
| H66 | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. |
| H67 | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. |
| | |
| H226 | Eldfimur vökvi og gufa. |
| H281 | Inniheldur kælda lofttegund, gæti valdið kalsárum. |
| H304 | Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. |
| H336 | Getur valdið sljóleika eða svima. |
| H412 | Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum. |

*Aðrar upplýsingar:* -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá SONAX GmbH, D-86633 Neuburg (Donau), Deutchland., dags. 23.01.2014.